

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, norðurhluti Kröflusvæðis og suðurhluti Gjástykkis, Skútustaðahreppi.

Samkvæmt 7. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. mars 2011 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 frá 10. maí 1999.

Breytingin felst í því að skilgreina fyrirhugaða orkuvinnslu jarðvarma í Skútustaðahreppi á svæði sem er skilgreint sem náttúruverndarsvæði í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands. Um er að ræða breytingar á tveimur svæðum, annars vegar á 45 ha svæði nyrst á Kröflusvæðinu og hins vegar á tveimur skikum syðst í Gjástykki sem hvor um sig er um 4 ha að stærð. Fyrirvari er settur um útfærslu orkuvinnslusvæðis í Gjástykki í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna sem standa að svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, að ef næg orka fæst frá Bjarnarflagi, Kröflu og Þeistareykjum verði ekki farið í orkuvinnslu í Gjástykki.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. mars 2011.

Svandís Svavarsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.